



Ársskýrsla **2019**

Staðlaráð Íslands



Íslenskir staðlar



©Staðlaráð Íslands
Þórunnartúni 2
105 Reykjavík
Sími: 520 7150
stadlar@stadlar.is
www.stadlar.is

Umsjón og ritstjórn: Hjörtur Hjartarson, Helga Sigrún Harðardóttir
Ljósmyndir: Arngrímur Blöndahl, Silla Páls, Yevhenii Chulovskyi, Andrey Bayda
Umbrot og grafísk vinnsla: Einar Þór Guðmundsson

Ársskýrsla Staðlaráðs er eingöngu gefin út rafrænt.



Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	4
Hugvekja framkvæmdastjóra	5

HLUTVERK OG STJÓRNARHÆTTIR

Heimsmarkmiðin	7
Aðilar að Staðlaráði	8
Stjórnin	9
Mannauður	10

STARFIÐ INNANLANDS

Útgáfa	11
Staðfesting staðla	11
Kynningar- og markaðsstarf	11
Sala staðla og annarra gagna	12
Byggingarstaðlaráð	12
Fagstaðlaráð í fiskimálum	12
Fagstaðlaráð í upplýsingatækni	12
Rafstaðlaráð	13

ALÞJÓÐLEGT STARF

Evrópustöðlun, CEN, CENELEC, ETSI	14
Alþjóðleg stöðlun, ISO, IEC	14
Norrænt samstarf, Insta og Norek	15

ÁRSREIKNINGUR	16
---------------------	----



Ávarp stjórnarformanns

Þegar ég lít til um öxl og skoða starfsár Staðlaráðs verð ég í senn þakklát og stolt. Að baki er gott rekstrarár. Á vegferð okkar tengir Staðlaráð saman hagsmunaaðila sem búa til, og nýta einfaldar, samhæfðar og virðisaukandi lausnir. Þannig stuðlar Staðlaráð að nýsköpun og frábærum árangri fyrirtækja.

Öflugir hagsmunaaðilar

Til að Staðlaráð geti verið sá bakhjarl atvinnulífsins sem það ætti og þarf að vera og sá hlutlaus vettvangur sem notaður er til að sammælast um lausnir á krefjandi viðfangsefnum, þarf stuðningur stjórnvalda og atvinnulífs að vera tryggur og byggja á sameiginlegri framtíðarsýn um mikilvægi staðlastarfs. Fjármögnun Staðlaráðs samanstendur af tekjum af þjónustusamningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, sem endurnýjaður var á árinu, sértekjum af sölu staðla og fjármögnun einstakra stöðlunarverkefna. Þannig er stöðugt unnið að uppbyggingu verðmætra viðmiða sem gagnast samfélaginu í heild sinni og skila meiri gæðum, öryggi og samvirkni.

Vinnuframlag sérfræðinga fyrirtækja og stofnana, sem taka beinan og virkan þátt í staðlastarfi, samsvarar síðan um þriðjungi fjármögnunar. Vinnustundafjöldi sérfræðinga sem leggja sitt af mörkum við staðlastarf hleypur á þúsundum árlega. Á hverju ári bæstast líka tugir sérfræðinga við þann ört stækkandi hóp sem tekur virkan þátt í staðlastarfi. Samstarf við háskóla er mikilvægt og voru drög lögð að samstarfssamningum við háskólana á árinu. Með þessu samstarfi á sér stað ómetanleg uppbygging og miðlun þekkingar.

Viðsnúningur í rekstri

Rekstrarafkoma Staðlaráðs var jákvæð um tæpar 16 milljónir króna. Ánægjulegur viðsnúningur hefur orðið á heildarrekstri Staðlaráðs Íslands á undanförunum tveimur árum þar sem tekjuaukning hefur verið meiri en hækkun rekstrarkostnaðar og skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hefur dregist verulega saman.

Áskoranir og tækifæri

Þrátt fyrir viðsnúning í rekstri Staðlaráðs og jákvæða afkomu undanfarin tvö ár eftir taprekstur árin á undan, blasa enn ýmsar áskoranir við. Áhrifa kórónuveirunnar gætti strax í sölutölum á fyrsta ársfjórðungi 2020 og óljóst er hvaða heildaráhrif heimsfaraldurinn mun hafa á tekjur ársins. Þá er komin fram knýjandi þörf fyrir nýliðun í náinni framtíð, auknar kröfur um gott aðgengi og meiri og betri þjónustu við hagsmunaaðila og viðskiptavini. Á árinu sögðu sex aðilar upp aðild sinni eða sameinuðust öðrum og þrír nýir urðu aðilar að ráðinu.

Hafist var handa við gerð nýrrar heimasíðu og nýrrar vefverslunar á árinu sem hefur í för með sér bættu þjónustu við notendur auk þess sem unnið er að því að bæta ásýnd Staðlaráðs. Efla þarf enn frekar samskipti við hagsmunaaðila og upplýsingagjöf til að vitund um virði og ávinning staðlastarfs sé skýr og stöðlun augljós kostur við úrlausnir flókinna úrlausnarefna. Gæðastjórnunarkerfi var innleitt og vottað á haustmánuðum. Með því er verið að bæta stjórnhætti Staðlaráðs, koma til móts við kröfur sem leiða af aðild að fjölþjóðlegum staðlasamtökum og síðast en ekki síst að byggja enn frekar undir ánægju viðskiptavina okkar.

Störf stjórnar

Stjórn Staðlaráðs hefur lagt áherslu á stuðning við starfsemina, ráðgjöf, vöktun og aukið gagnsæi með endurskoðun stjórnhátta. Stjórnin hittist alls ellefu sinnum á árinu 2019. Endurskoðun starfsreglna hefur staðið yfir á árinu og skjalfesting á reglum um þátttöku í staðlastarfi. Framhald varð á stefnumótunarvinnu sem hófst á árinu 2018 og hafist var handa við gerð strategíu í árslok 2019.

Starfsfólki öllu, stjórnarmönnum og sérfræðingum sem hafa komið að staðlavinnu á árinu vil ég færa þakkar fyrir vel unnin störf á árinu 2019.

*Kristjana Kjartansdóttir,
formaður Staðlaráðs Íslands*



Hugvekja framkvæmdastjóra

Súrefni atvinnulífs er bundið í stöðlum

Hvernig í veröldinni getur jafn risastórt hagsmunamál og staðlastarf verið jafn ótrúlega ósýnilegt? Hvað er aðallega staðlað? Og hvernig virkaði veröldin ef staðla nyti ekki við? Til hvers erum við að þessu? Hefta staðlar nýsköpun? Hvað græðir maður á að nota staðla?

Svörin við ofangreindum spurningum eru ekki jafn flókin og ætla mætti. Staðlastarf er reyndar svolítið ósýnilegt mjög mörgum einfaldlega vegna þess að bein þátttaka fólks í staðlagerð er ekki almenn og aðgengi að upplýsingum um staðla tiltölulega djúpt.

Hvað er staðlað?

Þegar talað er um staðla í heild sinni mætti líkja þeim við svissneskan vasahníf. Það fer eftir því hvert verkefnið er hvers konar verkfæri er valið en í stöðlum felast gjarnan viðmið um bestun. Þar eru t.d. ákveðnar kröfur um öryggi (t.d. matvælaöryggi, heilsuvernd og umhverfisvernd), gæði (t.d. kröfur sem gerðar eru til framleiðslu og prófunar á ýmsum vörum), samvirkni (til að ólík tæki virki saman, svo sem þegar farsíminn er notaður til að eiga bankaviðskipti eða undirrita rafrænt ýmis skjöl) og samræmi (t.d. stærðir, mál og vog). Staðlar skilgreina líka kröfur til stjórnunarkerfa, svo sem áhættustjórnunar, stjórnunar upplýsingaöryggis, stjórnun nýsköpunar og stjórnunar umhverfismála. Snjallsamfélög og sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna eru viðfangsefni

staðla, ævintýraferðamennska, menntakerfi, kerfi til að berjast gegn mútugreiðslum og til að auka samfélagsábyrgð. Staðlar eru gjarnan notaðir til að styðja við pólitísk áform og til að segja til um kröfur við opinber innkaup. Staðlar eru líka mikilvægar réttarheimildir þar sem þeir eru markvisst notaðir til að tryggja einsleitni innri markaðar í Evrópu.

Samvirkni, gæði og öryggi

Það er ekki ofsögum sagt að veröldin virkaði ekki jafn vel og raun ber vitni ef staðla nyti ekki við. Stöðlun allra ferla sem tengjast ferðalögum okkar á flugi tryggja hagkvæmni, öryggi og samvirkni. Það er engin tilviljun að kreditkort eru sömu stærðar og virka víðast hvar í heiminum. Hið sama mætti segja um rafflöður, pappírsstærð og staðlaðar dekkjastærðir. Staðlar og staðlagerð tryggja heilsuvernd, matvælaöryggi og veitir fólki efnahagslegan ávinning. Bein þátttaka í staðlastarfi veitir forskot á upplýsingar og tækifæri til að hafa áhrif á þróun í sinni atvinnugrein, að ekki sé talað um að efla tengslanetið og fá tækifæri til samstarfs við kollega.



Staðlar eru farvegur nýsköpunar

Staðlar tryggja líka farveg fyrir nýsköpun þvert á það sem margir halda. Stöðlun snýst nefnilega ekki um að gera kröfur um einsleitni. Stöðlun snýst um að gera kröfur sem tryggja samræmi, neytendavernd og öryggi fólks og að nýta kosti fjöldaframleiðslu. Með stöðlun eru skilgreindar kröfur og virkni og svo er það viðfangsefni nýsköpunarfyrirtækja að teikna nýja hluti inn í þá ramma og uppfylla kröfurnar. Með því getum við neytendur valið um lausnir til að uppfylla þarfir okkar. Það sést vel á farsímum þar sem við getum valið úr miklu úrvali farsíma sem uppfylla með svipuðum hætti kröfur sem við gerum til slíkra tækja. Framleiðsla, gerð og virkni farsíma byggir hins vegar á stöðlum sem og fjarskiptakerfi í heild sinni.

Margvíslegur ávinningur

Ávinningur fyrirtækja og samfélagsins alls af staðlanotkun hefur verið mældur. Nýleg rannsókn leiðir í ljós að staðlar eru taldir hafa stuðlað að 28% aukningu á landsframleiðslu á Íslandi á árunum 1976-2014 og 39% framleiðniaukningu fyrirtækja á sama tíma. Árlegt virði staðlanotkunar í íslensku atvinnulífi hleypur því á milljörðum. Staðlanotendur staðfesta að þeir auka aðgengi að mörkuðum, auka gæði vöru og þjónustu og auðvelda áhættustjórnun. Staðlanotkun eykur því traust og öryggi meðal viðskiptavina svo eftir er tekið. Það leikur því enginn vafi á að efnahagslegur og samfélagslegur ávinningur er leystur úr læðingi í atvinnulífinu með staðlanotkun.

Vörðuð leið til framtíðar

Staðlar eru hryggjarstykki strategískra áforma þeirra stjórnenda sem nú huga að áætlanagerð til framtíðar. Í því

gæti falist innleiðing á ÍST ISO 26000 - *Leiðbeiningum um samfélagslega ábyrgð*, innleiðing og vottun á ÍST EN ISO 14001 - *Umhverfisstjórnunarkerfi* eða IST EN ISO/IEC 27001 - *Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi*. Aðrir nota staðla markvisst til að tryggja hlítinu við lög og reglur, svo sem varðandi það að tryggja að vörur sem boðnar eru á neytendamarkaði uppfylli kröfur sem til þeirra eru gerðar. Það á t.d. við um reiðhjólahljúma, leikföng, gaskúta, lyftur, byggingarvörur, lækningatæki mælitæki, vélar og flugelda, svo eitthvað sé nefnt. Stjórnendur varða leið til framtíðar með stöðlum.

Stöðlun er aðferð við að fleyta rjómann ofan af til hagsbóta fyrir heildina

Aðferðin við gerð staðla er ekki síður áhugaverð því þeir eru ekki valdboð að ofan eins og lög, tilskipanir eða reglugerðir heldur sjálfsprottin og valkvæð viðmið sem færustu sérfræðingar greinarinnar hafa komið sér saman um að fylgja. Þannig er dregin saman þekking hinna færustu og upplýsingar um bestu mögulegu útfærslur og þannig næst fram besta mögulega niðurstaða og samnefnari sem sátt er um meðal sérfræðinganna sjálfra og þeirra sem hagsmuni hafa af notkun staðlanna. Lykilorðin hér eru því sammæli, samandregin þekking, reynsla og besta mögulega útfærsla.

Íslenskir staðlar létta líf okkar allra á hverjum degi. Við hlökkum til að halda áfram að leggja okkar lóð á þær vogarskálar með íslenskum fyrirtækjum, stofnunum og almenningi.

*Helga Sigrún Harðardóttir,
framkvæmdastjóri Staðlaráðs Íslands*



Hlutverk og stjórnarhættir

Staðlaráð Íslands er samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum. Umfang og útfærslur staðlastarfs á Íslandi eru skilgreindar í lögum nr. 36/2003, í aðildarkröfum evrópskra og alþjóðlegra staðlasamtaka og í þjónustusamningi við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið þar sem meðal annars er kveðið á um að Staðlaráð fari með atkvæði Íslands í evrópusamtökunum CEN, CENELEC og ETSI. Auk þess á ráðið aðild að alþjóðasamtökunum ISO og IEC. Helstu verkefni Staðlaráðs eru að hafa umsjón með staðlagerð á Íslandi, aðhæfa og staðfesta sem íslenska staðla þá staðla sem leiða af aðild að erlendu staðlasamstarfi, greiða fyrir því að íslenskum stöðlum verði beitt í opinberri stjórnsýslu og hjá einkaaðilum, stuðla að því að erlendir staðlar sem gagnast íslensku athafnalífi verði staðfestir sem íslenskir staðlar, starfrækja miðstöð stöðlunarstarfs, gefa út staðlaskrá, veita aðgengi að stöðlum, veita fræðslu og upplýsingar um staðla og veita ýmsa þjónustu á sviðum þar sem staðlar koma við sögu.

Staðlar byggja undir heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna Starfsemi Staðlaráðs Íslands, sem samstarfsráð þeirra sem hagsmuna hafa að gæta af stöðlum, hverfist um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna nr. 17, Samvinnu og markmiðin þar sem hlutverkið, að búa til hlutlausan vettvang hagsmunaaðila til að leita sammæltra lausna við flóknum áskorunum með staðlagerð, er samvinnuhlutverk fyrst og síðast.

Samvinnan sem á sér stað á vettvangi Staðlaráðs hverfist síðan um önnur markmið, svo sem jafnrétti kynjanna, heilsu og vellíðan, sjálfbæra orku, hagvöxt, nýsköpun og uppbyggingu, ábyrga framleiðslu, aðgerðir í loftslagsmálum og frið og réttlæti svo einhver séu nefnd.

17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN





Aðilar að Staðlaráði Íslands 2019

Aðild að Staðlaráði eiga ríflega 80 fyrirtæki og stofnanir sem mörg hver taka virkan þátt í starfi Staðlaráðs og veita ríkulega inn í íslenskt staðlastarf. Starfrækt eru fjögur fagstaðlaráð; Byggingarstaðlaráð, Fagstaðlaráð í fiskitækni, Fagstaðlaráð í upplýsingatækni og Rafstaðlaráð

Admon
 Advania
 Alcoa Fjarðaál
 Arion banki
 Arkitektafélag Íslands
 Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
 Auðkenni
 Ábyrgar fiskveiðar
 Byggingafræðingafélag Íslands
 Efla
 ELKEM Ísland
 Félagsmálaráðuneytið
 Fjármála- og efnahagsráðuneytið
 Forsætisráðuneytið
 Framkvæmdasýsla ríkisins
 Gagnaveita Reykjavíkur
 Greiðsluveitan
 Hagar
 Hagstofa Íslands
 Háskólinn í Reykjavík
 HS Orka
 HS Veitur
 Húsamiðjan
 Húsnæðis- og mannvirkjastofnun
 ICEPRO
 IÐAN fræðslusetur
 Íslandsbanki
 Íslandsstofa
 Landmælingar Íslands

Landsbankinn
 Landsnet
 Landspítalinn-Háskólasjúkrahús
 Landsvirkjun
 Límtré Vírnet
 Lota
 Mannvit
 Marel
 Markus Lifenet
 Mennta- og menningarmálaráðun.
 Míla
 Netorka
 Neytendasamtökin
 Neytendastofa
 Norðurorka
 NTI
 Nýsköpunarmiðstöð Íslands
 Origo
 Orka náttúrunnar
 Orkufjarskipti
 Orkusalan
 Orkuveita Reykjavíkur
 Orkuvirki
 Póst- og fjarskiptastofnun
 Rafiðnaðarsamband Íslands
 Rafiðnaðarskólinn
 Raftákn
 Rarik
 Ráður

Reiknistofa bankanna
 Reiknistofnun Háskólans
 Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar
 Ríkiskaup
 Samband íslenskra sveitarfélaga
 Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið
 Samtök atvinnulífsins
 Samtök fjármálafyrirtækja
 Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi
 Samtök iðnaðarins
 SART - Samtök rafverktaka
 Seðlabanki Íslands
 Síminn
 Skipulagsstofnun
 Steinsteypufélag Íslands
 Stofnun Árna Magnússonar
 Sæplast Iceland
 Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
 Utanríkisráðuneytið
 Vegagerðin
 Verkfræðingafélag Íslands
 Verkhönnun
 Verkís
 Vinnueftirlit ríkisins
 Þjóðskrár Íslands
 Þorbjörn
 Össur



Stjórn Staðlaráðs Íslands 2019-2020 ásamt framkvæmdastjóra; Efri röð frá vinstri: Helga Sigrún Harðardóttir, framkvæmdastjóri, Pétur Reimarsson, Gyða Björg Sigurðardóttir, Finnur Garðarsson, Andri Sveinsson, Þorvarður Kári Ólafsson, Sigurður Másson, Ágúst Valgeirsson. Neðri röð frá vinstri, sitjandi: Jón Sigurjónsson, Sigurbjörg Sæmundsdóttir, Kristjana Kjartansdóttir, Emil Sigursveinsson.

Stjórn 2019-2020

Kristjana Kjartansdóttir, formaður
Andri Sveinsson, varaformaður

Emil Sigursveinsson
Finnur Garðarsson
Gyða Sigurðardóttir
Jón Sigurjónsson
Pétur Reimarsson
Sigurður Másson
Þorvarður Kári Ólafsson

Varamenn í stjórn:
Ágúst Valgeirsson
Sigurbjörg Sæmundsdóttir



Íslenskir staðlar



Mannauður Staðlaráðs

Staðlaráð hefur á að skipa sjö starfsmönnum sem margir eiga langan starfsaldur hjá ráðinu. Þar sem starfsemin er viðamikil og verkefnin margbreytileg hafa allir starfsmenn viðtæk hlutverk og margt á sinni könnu.



Staðlaráð Íslands tók á árinu upp formlegt gæðastjórnunarkerfi í samræmi við ÍST EN ISO 9001:2015 og hlaut vottun frá iCert þann 3. október 2019. Hér má sjá gæðastjóra Staðlaráðs Íslands, Arngrím Blöndahl þegar vottunarskírteininu var veitt viðtaka.



Kristbjörg Richter (t.v) og Anna Þóra Bragadóttir (t.h.) sjá um sölumál og hjálpa viðskiptavinum að finna það sem þeir leita að. Anna sér líka um bókhald.



Helga Sigrún Harðardóttir framkvæmdastjóri Staðlaráðs tók við því starfi í upphafi árs 2018.



Arnhildur Arnaldsdóttir er sú sem á lengstan starfsaldur hjá Staðlaráði. Hún er sú sem heldur styrkri hendi utan um formlega staðfestingu staðla, auglýsingu þeirra og hefur Staðlaskrá á sinni könnu einnig.



Guðmundur Valsson er ritari Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni og Rafstaðlaráðs. Hér er hann með afrakstur áralangrar vinnu þýðingar staðlaraðar um raflagnir bygginga sem leit dagsings ljós í útgáfu ÍST HB 200:2020, bibliu allra rafverktaka.



Hjörtur Hjartarson er kynningar- og markaðsstjóri Staðlaráðs. Hann hefur meðal annars umsjón með lífligu námskeiðahaldi.



Starfið innanlands

Útgáfa

Ef frá er talin reglubundin útgáfa íslenskra staðla og annarra stöðlunarskjala frá CEN, CENELEC og ETSI, þá voru eftirtaldir staðlar og stöðlunarskjöl gefin út á vegum Staðlaráðs á árinu:

- ÍST ISO 55000:2014 Eignastjórnun
Yfirlit, meginreglur og hugtakanotkun (Íslensk þýðing)
- ÍST ISO 55001:2014 Eignastjórnun
Stjórnunarkerfi - Kröfur (Íslensk þýðing)
- ÍST 146:2019 Innihald almennra rafrænna skilríkja
- ÍST TS 142:2019 Greiðslutilkynning
Skilgreining á XML skeyti fyrir greiðslutilkynningu

Staðfesting staðla

Staðfestingarnefnd starfar á vegum stjórnar og sér um að staðfesta staðla. Í nefndinni sitja stjórnarmenn Staðlaráðs, Hafsteinn Pálsson hjá umhverfis- og auðlindaráðuneyti og Þorvarður Kári Ólafsson hjá Þjóðskrá Íslands. Varamaður er Emil Sigursveinsson hjá Verkís.

Á árinu voru staðfestir 2038 íslenskir staðlar og 1408 staðlar voru felldir úr gildi. Frumvörp auglýst til umsagnar voru 2625 talsins. Í lok ársins 2019 voru 28630 staðlar í gildi á Íslandi.

Kynningar- og markaðsstarf

Síðasta tölublað Staðlamála var gefið út í pappírútgáfu í desember og verður framvegis gefið út raftænt. Meðal efnis í Staðlamálum á síðasta ári var grein Önnu Betu Gísladóttur, ráðgjafa hjá Ráði, um jafnlaunastaðalinn ÍST 85; Sigurður Sigurðsson hjá Vinnueftirliti skrifaði um ISO 45001; greinar um gæðastjórnun í sveitarfélögum og um um þátt alþjóðlegra staðla í bættum lífsskilyrðum. Þorvarður Kári Ólafsson fjallaði

um ÍST 146 Innihald rafrænna skilríkja; Marínó G. Njálsson, sérfræðingur í stjórnun upplýsingaöryggis, skrifaði um ISO/IEC 27701 og Pétur Th. Pétursson, framkvæmdastjóri Markus Lifenet, sagði frá ISO 19898, sem fjallar um kröfur til þjörgunarbúnaðar um borð í skipum og er líklega fyrsti alþjóðlegi staðallinn sem á sér alíslenskan uppruna en Pétur vann ötullega að gerð hans í tækninefnd hjá ISO.

Staðlaráð starfrækir einnig Facebook-síðu auk heimasíðunnar sem nú er í gagngerri endurskoðun en ný síða lítur dagsins ljós á árinu 2020.

Starfsfólk Staðlaráðs tekur þátt í ráðstefnum eftir efnun og aðstæðum og heldur erindi og kynningar á margvíslegum vettvangi, svo sem fyrir faghópa og nemendur í skólum. Sérstakt námskeið var haldið á vettvangi Stjórnarráðsskólans um tengsl staðla og löggjafar. Fjallað var um tengsl staðla við evrópskar tilskipanir og reglugerðir sem innleiddar eru í löggjöf hér á landi og þá stöðu að ekki er haldið utan um uppfærða lista yfir staðla sem tengjast þeim.

Staðlaráð býður öllum sem vilja og hafa tök á að koma í heimsókn og skoða alla þá staðla sem þeir vilja. Aðstaða í gestastofu var stórbætt á árinu.

Mikill uppgangur var í námskeiðahaldi á árinu og hafa þau aldrei verið fleiri. Sama á við um fjölda þátttakenda. Alls voru haldin 16 námskeið og ein ráðstefna. Fjöldi þátttakenda á reglubundnum námskeiðum Staðlaráðs var 165 en í heild var fjöldinn sem sótti námskeiðin og ráðstefnuna 286. Tvö námskeið voru haldin um CE-merkingu véla, tvö námskeið um ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlana, fjögur námskeið um innri úttektir, þar af tvö sérnámskeið; eitt námskeið var haldið um ISO 31000 og áhættustjórnun; tvö námskeið um neyðarlýsingarkerfi og tvö námskeið um jafnlaunastaðalinn ÍST 85. Eitt námskeið var haldið um

stjórnun upplýsingaöryggis. Auk þessa voru haldin tvö námskeið að frumkvæði Fagstaðlaráðs í upplýsingatækni og ráðstefna um hlutanetið (IoT) í samvinnu við Háskólann í Reykjavík. Námskeiðin tvö voru annars vegar um staðla og persónuverndarlög og hins vegar um staðla og áhættustjórnun.

Staðlaráð leitast við að útbreiða og auðvelda notkun staðla í skólum. Í því skyni hefur nemendum verið veittur 40-50% afsláttur af verði staðla og kennurum og nemendum einstakra námskeiða hefur verið veittur tímabundinn frír aðgangur að tilteknum stöðlum. Það fyrirkomulag hefur verið fest í sessi með samstarfssamningi við Háskólann í Reykjavík. Námskeiðahaldarar fá almennt 33% afslátt af verði staðla.



Hluti af þeirri þjónustu sem Staðlaráð veitir er starfræksla gestastofu. Gestir og gangandi geta þannig óskað aðgangs að stöðlum til að glugga í og glöggva sig á. Gestastofan fékk yfirhalningu á árinu 2019 eins og sjá má á meðfylgjandi mynd. Þar stendur nú yfir ljósmyndasýning með landslagsmyndum Arngríms Blöndahl, gæðastjóra Staðlaráðs.

Sala staðla og annarra gagna

Af einstökum gögnum voru þessi söluhæst, miðað við fjölda eintaka:

- ÍST 51:2001 Byggingarstig húsa
- ÍST 30: 2012 Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir
- ÍST 85:2012 Jafnlaunakerfi - Kröfur og leiðbeiningar
- ÍST EN ISO 9001:2015 Gæðastjórnunarkerfi - Kröfur
- ÍST/ISO/IEC 27001:2017 Upplýsingatækni - Öryggisaðferðir - Stjórnunarkerfi um upplýsingaöryggi - Kröfur
- ISO 45001:2018 Occupational health and safety management systems - Requirements with guidance for use

Fjöldi nemenda í rafiðnum var veittur aðgangur að staðlinum ÍST 200:2006, þeim að kostnaðarlausu, samkvæmt samningi Staðlaráðs og Rafmenntar.

Af einstökum staðlaflokkum voru mestar tekjur af séríslenskum og þýddum stöðlum annars vegar og evrópskum stöðlum hins vegar. Síðan koma tekjur af endursölu staðla frá ISO og þá IEC.

Byggingarstaðlaráð (BSTR)

Byggingarstaðlaráð vann að margbreytilegum verkefnum á árinu. Hluti verkefnanna var unninn í íslenskum vinnuhópum og hluti í samstarfi við Norðurlöndin. Mikilvægt er að viðhalda og endurskoða gildandi séríslenska staðla og huga að nýjum verkefnum samhliða vinnu að verkefnum sem þegar eru í vinnslu. Byggingarstaðlaráð fylgist með stöðlum á Evrópuvettvangi. Þegar slík stöðlun varðar íslenska

hagsmuni leitast Byggingarstaðlaráð við að upplýsa þá hér á landi sem kunna að eiga hagsmuna að gæta. Talsverð vinna hefur farið í undirbúning á endurskoðun þolhönnunarstaðla og þjóðarviðauka á árinu og búast má við að það verði helsta verkefni ráðsins á næstu árum. Dagleg upplýsingagjöf til viðskiptavina Staðlaráðs er einnig talsverður þáttur í starfsemi.

Stjórn Byggingarstaðlaráðs skipa:

Jón Sigurjónsson, formaður, Nýsköpunarmiðstöð Íslands
Baldvin Einarsson, Eflu, verkfræðistofu
Guðmundur Gunnarsson, Mannvirkjastofnun
Hafsteinn Pálsson, Umhverfisráðuneyti

Breytt skipan ráðuneyta varð á árinu þar sem ábyrgð Umhverfis- og auðlindaráðuneytis á mannvirkjamálum færðist yfir til Félagsmálaráðuneytis. Þar sem fagráðuneyti Byggingarstaðlaráðs hefur verið einn af aðalbakhjörllum starfseminnar fjárhagslega er mikilvægt að kynna nýju ráðuneyti starfsemina og tryggja gott samstarf. Ennfremur er mikilvægt að halda til haga góðum tengslum við Umhverfis- og auðlindaráðuneyti þar sem samspil umhverfis- og mannvirkjamála er ofarlega á baugi meðal annars varðandi orkunýtingu, endurvinnslu byggingarefna.

Meðal þeirra stöðlunarverkefna sem unnin voru á vettvangi ráðsins á árinu 2019 eru; Endurskoðun á ÍST 51 um byggingarstig húsa, frumvarp að ÍST 52 um skráningu á fjölda herbergja í íbúðum, frumvarp að ÍST 53 um skráningu hæða og hæðar á byggingum, endurskoðun hófst á evrópskum þolhönnunarstöðlum, Eurocodes, sem leiða af sér endurskoðun á íslenskum þjóðarviðaukum, gerð ÍST INSTA 142 um norrænar reglur fyrir útlitsstyrkflokkun á timbri í burðarvirki og frumvarp ÍST INSTA 2072 um plastpípur. Þá voru haldnir fræðslufundir þar sem fjallað var um Borgarlínuna og einföldun á regluverki skipulags- og bygginarmála. Þá eru fjölmargar nýjar hugmyndir í skoðun, um lágorkuhús, endurbætur á ÍST 66 um varmatap húsa, gerð staðals um stiga í byggingum, um endingarhönnun steinsteypu og staðla tengdum öryggismálum.

Fagstaðlaráð í fiskimálum (FIF)

Starf FIF hefur þann tilgang að taka þátt í starfi alþjóðlegrar tækninefndar, ISO/TC 234 og gæta hagsmuna íslensks sjávarútvegs og fiskeldis í því staðlastarfi.

Aðild að FIF eiga fimm aðilar.
Framkvæmdaráð FIF skipa:

Finnur Garðarsson, Ábyrgar fiskveiðar ses, formaður
Ásta Einaradóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Björn Margeirsson, Sæplasti Iceland
Guðbergur Rúnarsson, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi
Kristján Þórarinnsson, Samtökum fyrirtækja í sjávarútvegi

Á árinu fékk ráðið sérfræðing á sviði lífsferilsgreininga, Birgi Örn Smárason, sem starfar fyrir Matís til að taka þátt í starfi tækninefndarinnar fyrir sína hönd, við skrif á staðli um kolefnisfótspor í sjávarútvegi (e. Carbon footprint for seafood – Product category rules for finfish). Frestur til að skila athugasemdum við frumvarpið rann út í lok apríl 2020 og má því búast við að staðallinn komi út síðar á árinu. Þá var nýverið stofnað nýtt verkefni á vegum tækninefndarinnar um meðferð úrgangs um borð í fiskiskipum og mun FIF taka virkan þátt í þeirri vinnu.

Fagstaðlaráð í upplýsingatækni (FUT)

Aðilar FUT eru 32 talsins og á vegum FUT störfuðu á tímabilinu 6 tækninefndir að 12 verkefnum sem enn eru í vinnslu, 8 í undirbúningi, hætt var við eitt verkefni og eitt verkefni er á hugmyndastigi. Lokið var við 4 verkefni. Tugir sérfræðinga úr atvinnulífi og stjórnáslu koma að verkefnum



FUT. Þátttakendurnir leggja mikinn metnað í að ná sammæli um bestu aðferðir hverju sinni.

Framkvæmdaráð FUT skipa:

*Þorvarður Kári Ólafsson, Þjóðskrá Íslands, formaður
Ágúst Valgeirsson, Advania, varaformaður
Vala Dröfn Hauksdóttir, Samtök sveitarfélaga, aðalmaður
Einar Birkir Einarsson, fjármála- og efnahagsmálaráðu-
neytisins, aðalmaður
Jóhann Þorvarðarson, Landsbankanum, aðalmaður
Jóhannes Eyfjörð, Samtökum iðnaðarins, varamaður
Ingþór Guðni Júlíusson, Reiknistofu bankanna, varamaður*

TN-TPJ gaf út staðalinn ÍST 146 Innihald almennra raf-rænna skilríkja á árinu, sem var þróun á tækniforskriftinni TS 146 sem gefin var út árið 2013. TN-GRV gaf út TS 142 Greiðslutilkynning - Skilgreing á XML skeyti fyrir greiðslutilkynningu.

Talsverð gróska hefur orðið í kjölfar breytinga á starfsreglum Staðlaráðs um útgáfur tækniskýrsla TR og vinnustofusamþykkt WA. Fyrsta tækniskýrslan TR 238:2020 og fyrsta vinnustofusamþykktin WA-310 sem báðar eru ritaðar á ensku eru á lokametrum fyrir útgáfu.

TN-GRV og TN-FMP eru að þróa notkun „open source“ á GitHub vettvangi FUT til að rita og viðhalda ferlum og stoðskjólum fyrir útgefin stöðlunarskjöl með það í huga að fylgja hraðri erlendri og innlendri þróun stoðskjala. Dæmi um þetta eru tengsl skjala TN-FMP við Berlin group samstarfið og tengsl TN-GRV við þróun Evrópustaðalsins EN-16931 ásamt stoðskjólum og Peppol samstarfið. Á meðan Evrópu-reglur seytla inn í íslensk kerfi á þessum sviðum má búast við að sú þróun verði viðvarandi.

Á árinu voru sex tækninefndir virkar; um grunngerð rafrænna viðskipta, um traustþjónustu, rafræna greiðslumiðlun, upp-lýsingaöryggi og persónuvernd, hlutanet og fjármálaþjónustu.

Þúsundir vinnustunda hafa farið í rekstur þessara nefnda og haldnir hafa verið tugir funda, námskeið og vinnustofur.

Rafstaðlaráð (RST)

Rafstaðlaráð vann að fjölbreyttum verkefnum á árinu 2019 í nokkrum tækninefndum auk þess að halda fræðslufundi um Snjallborgina Reykjavík, fjarskipti og ljósastryngar og taka þátt í störfum fjölþjóðlegra rafstaðlasamtaka og tækninefnda.

Framkvæmdaráð Rafstaðlaráðs skipa:

*Emil Sigursveinsson, Verkís, formaður
Einar Falur Zoega Sigurðsson, Landsneti
Svanur Baldursson, Mílu
Eyþór Kári Eðvaldsson, RARIK
Fjalarr Gíslason, Veitum*

Virkar tækninefndir á árinu 2019 voru; tækninefnd um raflagnir bygginga, um staðal fyrir fjarskiptalagnir, um staðal fyrir raf- og fjarskiptalagnir fyrir íbúðir og um innviði og tengistaði rafbíla.

Á vettvangi Rafstaðlaráðs var á árinu 2019 stigið lokaskref í þýðingu og útgáfu að ÍST HB 200:2020 - Raflögnum bygginga, sem leysir Staðalvísinn frá 2010 af hólmi. Rafstaðlaráð hyggst viðhalda ÍST HD 60364 staðlaröðinni í handbók sem verður í stöðugri uppfærslu. Þar sem hún úreldist hratt er aðgengi að henni selt í áskrift. Nú þegar hefur mikill fjöldi nemenda og rafverktaka innan SART fengið aðgengi að hinni nýju handbók.

Fjöl margar nýjar hugmyndir eru í skoðun á vegum Rafstaðlaráðs og má þar nefna vinnustofu um Snjallborg og staðla, landtengingar skipa og þýðingu á handbók um hleðslu rafbíla.



Alþjóðlegt starf

Evrópastöðlun

Þátttaka í evrópsku staðlastarfi er veigamesti hlutinn af verkefnum Staðlaráðs. Með aðild að evrópsku staðlasamtökunum CEN (e. European Committee for Standardization) CENELEC (e. European Committee for Electrotechnical Standardization) og aukaaðild að ETSI (e. The European Telecommunication Standards Institute) er Staðlaráð skuldbundið til að gera Evrópustaðla (EN) að íslenskum stöðlum og auglýsa frumvörp og nýja staðla samkvæmt reglum samtakanna. Auglýsingarnar eru birtar í Staðlatíðindum sem eru öllum aðgengileg á heimasíðu Staðlaráðs, stadlar.is. Vel á þriðja hundrað aðilar fá tilkynningu með tölvupósti þegar ný Staðlatíðindi koma út á vef Staðlaráðs.

Um 320 tækninefndir störfuðu á vegum CEN í lok árs 2019. Heildarfjöldi gildra staðla og annarra stöðlunarskjala frá CEN var 17309. Þar af voru 1164 gefin út 2019. Staðlaráð er ekki í stakk búið til að fylgjast með öllum verkefnum á vegum CEN. Á sviðum þar sem íslenskir faghópar eru starfandi er fylgst með verkefnum sem mest þykja snerta íslenska hagsmunum og virk þátttaka er fyrst og fremst á sviðum byggingariðnaðar og upplýsingatækni. Einnig er fylgst með störfum nokkurra nefnda CEN af einstökum aðilum sem eiga hagsmuna að gæta. Með þessu er verið að halda uppi lágmarks hagsmunagæslu með sem minnstum tilkostnaði. Starfsmenn Staðlaráðs sóttu aðalfund og fundi í framkvæmdastjórn og tækniráði CEN til að gæta heildarhagsmuna Íslendinga.

Árið 2019 voru 78 tækninefndir starfandi á vegum CENELEC. Fjöldi gildra staðla og annarra stöðlunarskjala frá CENELEC var í árslok 7590. Staðlaráð, í samvinnu við Rafstaðlaráð, gætir íslenskra hagsmuna á raftækni sviðinu. Aðilar innan Rafstaðlaráðs fylgjast sérstaklega með störfum u.þ.b. þrjátíu nefnda CENELEC og fá send

nefndagögn þeirra. Starfsmaður Mannvirkjastofnunar sat í tækninefnd CENELEC um raflagnir bygginga (TC 64) fyrir hönd Staðlaráðs. Þá tekur starfsmaður Staðlaráðs þátt í vinnuhópum á vegum CENELEC eftir því sem tilefni gefst til. Starfsmenn Staðlaráðs sóttu tvo fundi hjá tækniráði CENELEC, sem og aðalfund samtakanna.

Staðlafrumvörp frá ETSI eru auglýst til umsagnar jafnóðum og þau berast og Evrópustaðlar frá ETSI eru staðfestir sem íslenskir staðlar. Að öðru leyti tekur Staðlaráð ekki þátt í störfum ETSI. Í árslok 2019 var fjöldi íslenskra staðla frá ETSI um 3400.

Alþjóðleg stöðlun

Aðild Staðlaráðs að Alþjóðlegu staðlasamtökunum ISO (e. International Organization for Standardization) felur ekki í sér skuldbindingu um að ISO-staðlar séu gerðir að íslenskum stöðlum. Af þeim sökum og vegna takmarkaðra starfskrafta og fjárráða tekur Staðlaráð lítinn þátt í tækninefndum ISO. Fagstaðlaráð í fiskimálum, FIF, tekur þó virkan þátt í tækninefnd ISO á sviði fiskveiða og fiskeldis. Tveir af aðilum Staðlaráðs, Markus Lifenet ehf og Össur hf, eru einnig virkir í störfum tækninefnda ISO, hvor á sínu sviði. Alþjóðlegur staðall um kröfur til búnaðar um borð í skipum, sem ætlaður er til að bjarga fólki úr sjó, var samþykktur á árinu. Staðallinn er líklega fyrsti aðlþjóðlegi staðallinn sem á uppruna sinn á Íslandi. Framkvæmdastjóri Staðlaráðs sækir jafnan aðalfund ISO.

Aðildarlönd ISO voru 164 talsins í lok ársins. Á vegum samtakanna störfuðu 3632 tækni- nefndir, undirnefndir og vinnuhópar. Fjöldi ISO-staðla og stöðlunarskjala var 22913, þar af voru 1638 gefin út árið 2019.

Staðlaráð Íslands er aukaaðili að Alþjóða raftækniráðinu IEC (e. International Electrotechnical Commission) og sóttu tveir



starfsmenn aðalfund þess. Aukaaðilum er heimil takmörkuð þátttaka í störfum tækninefnda samtakanna og er Staðlaráð skráð sem þátttakandi í einni nefnd. Samkvæmt sérstöku samkomulagi IEC og CENELEC eru fjölmargir IEC-staðlar gefnir út samtímis sem Evrópustaðlar og eru því gerðir að íslenskum stöðlum.

Aðildarlönd IEC eru samtals 88. Að auki eru 85 þróunarlönd nokkurs konar áheyrnaraðilar. Árið 2019 störfuðu 209 tækninefndir og undirnefndir á vegum IEC auk mikils fjölda vinnuhópa af ýmsu tagi. Heildarfjöldi útgefinna IEC-staðla og annarra stöðlunarskjala var 10700 í árslok, þar af voru 748 gefin út á árinu 2019.

Norrænt samstarf - INSTA og NOREK

Staðlastofnanir Norðurlandanna hafa með sér töluvert samstarf sem felst að mestu í gagnkvæmri upplýsingagjöf og samræmingu afstöðu til ýmissa mála innan evrópsku og alþjóðlegu staðlasamtakanna, eftir því sem tilefni er til.

Samstarf norrænu rafstaðlastofnananna kallast NOREK en almennu staðlastofnananna INSTA. Að undanfögnu hefur norræna samstarfið verið víkkað út og staðlasamtök Austurríkis og Hollands slegist í hópinn til að styrkja enn frekar stöðu smærri þjóða í Evrópusamstarfinu. Framkvæmdastjórar þessara staðlasamtaka funda fjórum til fimm sinnum á ári, ýmist á símafundum eða í tengslum við aðra viðburði, svo sem aðalfundi CEN, CENELEC, ISO og IEC. Íslendingar hafa oft en ekki notið góðs af samstarfinu þar sem ýmsar lausnir sem unnar hafa verið hjá nágroñnum okkar hafa nýst sem fyrirmýndir hérlandis. Á árinu 2019 var unnið að því að setja innihald þúsunda staðla á XML-sniði til að bæta og auka þjónustu við viðskiptavinum. Staðlaráð var ekki þátttakandi í því verkefni þar sem enn er talsvert langt í land með að fjárhagslegir burðir leyfi slíka samvinnu. Enn sem komið er verða staðlar því einungis boðnir á pdf-sniði hér á landi.



Staðlaráð Íslands
Ársreikningur 2019

Staðlaráð Íslands
Þórunnartúni 2
105 Reykjavík

Kt. 591193-2019

Efnisyfirlit

Áritun.....	Bls.	2
Skýrsla stjórnar.....	-	3
Rekstrarreikningur.....	-	4
Efnahagsreikningur.....	-	5
Sjóðstreymi.....	-	6
Skýringar.....	-	7

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Staðlaráðs Íslands

Ég hef endurskoðað ársreikning Staðlaráðs Íslands fyrir árið 2019, en hann samanstendur af skýrslu stjórnar, rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, sjóðstreymi og skýringum. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum ráðsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst í því álit sem ég læt í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og góðri reikningsskilavenju á Íslandi. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju, en samkvæmt henni á að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig, að næg vissa fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ég tel að endurskoðunin sé nægilega traustur grunnur til að byggja álit mitt á.

Það er álit mitt að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu ráðsins árið 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við ofanefnd lög, samþykktir ráðsins og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Reykjavík, 30/4 2020

Guðlaugur Guðmundsson
löggiltur endurskoðandi

Við kjörnir skoðunarmenn Staðlaráðs Íslands höfum yfirfarið ársreikning þess árið 2019 og höfum ekki fundið neitt athugasvert. Með vísan til áritunar löggilts endurskoðanda hér að ofan leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík, 30/4 2020

Guðmundur V. Friðjónsson

Steinunn Sigvaldadóttir

Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar og framkvæmdastjóra Staðlaráðs Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu ráðsins í árslok, rekstrarárangri ársins 2019 og fjárhagslegri þróun á árinu.

Á árinu 2019 störfuðu að meðaltali sjö starfsmenn hjá ráðinu og námu launagreiðslur til launþega samtals 62.112 þús. kr.

Hagnaður af rekstri Staðlaráðs Íslands, að meðtöldum fagstaðlaráðum, á árinu 2019 varð kr. 15.990.761. Eigið fé í árslok nam kr. 52.807.631. Að öðru leyti vísar stjórn ráðsins í ársreikninginn um breytingar á eigin fé þess.

Stjórn Staðlaráðs Íslands og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning ráðsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík, 30/4 2020

Í stjórn

Kristjana Kjartansdóttir

Andri Sveinsson

Finnur Garðarsson

Jón Sigurjónsson

Emil Sigursveinsson

Þorvarður Kári Ólafsson

Gyða Björg Sigurðardóttir

Pétur Reimarsson

Sigurður Másson

Framkvæmdastjóri

Helga Sigrún Harðardóttir

Rekstrarreikningur ársins 2019

	Skýr.	2019	2018
Rekstrartekjur	11		
Sölutekjur.....		42.683.047	35.506.688
Verkefnaframlög.....		96.628.320	84.202.636
Aðildargjöld.....		<u>15.877.000</u>	<u>16.135.000</u>
		<u>155.188.367</u>	<u>135.844.324</u>
 Rekstrargjöld	 11		
Kostnaður við verkefni.....		31.811.483	23.997.969
Laun og launatengd gjöld.....	9	81.349.754	77.082.977
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður.....		7.799.523	9.565.957
Annar rekstrarkostnaður.....		<u>18.751.929</u>	<u>17.569.036</u>
		<u>139.712.689</u>	<u>128.215.939</u>
 Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....		 15.475.678	 7.628.386
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals.....	10	<u>515.083</u>	<u>740.509</u>
 Rekstrarafkoma ársins (tap)		 <u>15.990.761</u>	 <u>8.368.895</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr.	31.12 2019	31.12 2018
Fastafjármunir			
Áhættufjármunir og langtímakröfur			
Hlutabréf í félögum.....		0	650.000
	Fastafjármunir	<u>0</u>	<u>650.000</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	1, 2, 7		
Vörubirgðir.....		916.090	889.909
Skammtímakröfur	3		
Viðskiptakröfur.....		16.962.752	17.337.106
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		569.628	2.892.618
Handbært fé			
Innistæður í innlánsstofnunum.....		63.337.623	32.314.589
Sjóður.....		15.000	45.286
	Veltufjármunir	<u>81.801.093</u>	<u>53.479.508</u>
	Eignir	<u>81.801.093</u>	<u>54.129.508</u>
Eigið fé	4		
Varasjóður		10.633.333	8.633.333
Óráðstafað eigið fé.....		42.174.298	28.183.538
	Eigið fé	<u>52.807.631</u>	<u>36.816.871</u>
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir.....		274.041	109.387
Viðskiptaskuldir.....		4.011.227	1.892.887
Fyrirfram innheimtar tekjur.....		12.500.000	3.138.000
Aðrar skammtímaskuldir.....	11	12.208.194	12.172.363
	Skuldir	<u>28.993.462</u>	<u>17.312.637</u>
	Eigið fé og skuldir	<u>81.801.093</u>	<u>54.129.508</u>
Skuldbindingar utan efnahags.....	8		

Sjóðsstreymi ársins 2019

	2019	2018
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarhagnaður (-tap)	15.990.761	8.368.895
Veltufé frá rekstri	<u>15.990.761</u>	<u>8.368.895</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		
Skammtímakröfur og birgðir, lækkun (hækkun).....	2.671.162	(4.041.499)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun).....	11.680.825	304.058
Handbært fé frá rekstri	<u>30.342.748</u>	<u>4.631.453</u>
Fjárfestingahreyfingar		
Seld hlutabréf.....	650.000	0
	<u>650.000</u>	<u>0</u>
Breyting á handbæru fé	30.992.748	4.631.453
Handbært fé í ársbyrjun.....	<u>32.359.875</u>	<u>27.728.422</u>
Handbært fé í lok ársins.....	<u><u>63.352.623</u></u>	<u><u>32.359.875</u></u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningur Staðlaráðs Íslands er í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Reikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð, og verk í vinnslu eru gerð upp eftir verklokaaðferð. Hann er í öllum meginatriðum gerður með sömu reikningsskilaaðferðum og árið á undan.

Vörubirgðir eru metnar af framkvæmdastjóra á kostnaðarverði eða dagverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara.

Eignir og skuldir, sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar upp miðað við gengi í lok ársins. Viðmiðunargengi er síðasta skráða gengi Seðlabanka Íslands á reikningsárinu.

Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í viðeigandi skýringum hér á eftir.

Vörubirgðir

2. Vörubirgðir á reikningsskiladegi sundurliðast þannig:

ÍST staðlar..... 916.090

Skammtímakröfur

3. Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði. Kröfur í erlendum myntum eru færðar miðað við síðasta skráða gengi Seðlabanka Íslands í árslok.

Eigið fé

4. Samkvæmt lögum nr. 36/2003 skal Staðlaráð Íslands setja sér starfsreglur, sem ráðherra staðfestir. Samkvæmt starfsreglum og ákvörðun aðalfundar eru starfrækt fjögur fagstaðlaráð: Fagstaðlaráð í upplýsingatækni, Byggingarstaðlaráð, Fagstaðlaráð í fiskimálum og Rafstaðlaráð. Hér fer á eftir sundurgreining á eiginfjáreikningum einstakra fagstaðlaráða:

	Staðlaráð Íslands	Fagstaðlaráð í upplýs.tækni	Byggingar- staðlaráð	Raf- staðlaráð	Fagstaðlaráð í fiskimálum	Óráðstafað samts
Yfirfært frá fyrra ári.....	3.777.404	3.522.520	10.695.418	6.371.735	3.816.461	28.183.538
Framlag í varasjóð.....	(2.000.000)					(2.000.000)
Rekstrarafkoma ársins.....	5.262.438	5.764.596	2.053.904	2.169.123	740.700	15.990.761
	<u>7.039.841</u>	<u>9.287.116</u>	<u>12.749.322</u>	<u>8.540.858</u>	<u>4.557.161</u>	<u>42.174.298</u>

Samkvæmt ákvörðun aðalfundar Staðlaráðs Íslands 2005 var tekin ákvörðun um að mynda varasjóð, sem næmi allt að 15 milljónum króna. Tveir þriðju hlutar er almennur varasjóður, en þriðjungur er millifjármögnun til fagstaðlaráða til að hefja vinnu við verkefni þar til fjármögnun þeirra er tryggð. Á árinu 2007 tókst að ljúka við myndun varasjóðs í samræmi við ákvörðun greinds aðalfundar félagsins. Tillög í sjóðinn og ráðstafanir úr honum eru samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni.

	Varasjóður
Yfirfært frá fyrra ári.....	8.633.333
Tillag (ráðstafað) á árinu	2.000.000
	<u>10.633.333</u>

Skýringar

Eigið fé framhald

4. Sundurliðun tekna og gjalda í fagstaðlaráðum greinast þannig:

	Fagstaðlaráð í upplýs.tækni	Byggingar- staðlaráð	Raf- staðlaráð	Fagst.ráð í fiskimálum
Tekjur ársins.....	21.721.926	5.326.112	13.299.904	881.000
Gjöld ársins.....	(5.262.130)	(368.608)	(5.654.081)	0
Aðkeypt vinna af Staðlaráði Íslands.....	<u>(10.695.200)</u>	<u>(2.903.600)</u>	<u>(5.476.700)</u>	<u>(140.300)</u>
	<u>5.764.596</u>	<u>2.053.904</u>	<u>2.169.123</u>	<u>740.700</u>

Skattamál

5. Staðlaráð Íslands greiðir ekki tekjuskatt, saman ber ákvæði 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, en önnur opinber gjöld félagsins eru reiknuð og færð í ársreikninginn.

Önnur mál

6. Félagið hefur keypt aukakostnaðartryggingu vegna bruna-, þjófnaðar og vatnstjóns og nemur bótafjárhæðin allt að 5,0 millj. króna í árslok.
7. Vátryggingamat húsgagna, áhalda, tækja, tölvubúnaðar og hugbúnaðar ásamt kostnaði við uppsetningu er 31,6 milljónir króna í árslok. Vörubirgðir félagsins eru ekki vátryggðar.
8. Félagið hefur gert samning um húsaleigu og er hann til 15 ára. Samningurinn rennur út á árinu 2023. Leigugreiðsla samkvæmt samningnum á árinu 2019 var 13,7 millj. króna. Framtíðarleigugreiðslur eru verðtryggðar.
9. Laun og launatengd gjöld Staðlaráðs Íslands greinast þannig:

	2019	2018
Laun.....	64.893.033	62.046.013
Launatengd gjöld.....	<u>16.456.721</u>	<u>15.036.964</u>
	<u>81.349.754</u>	<u>77.082.977</u>
Meðalfjöldi stöðugilda á árinu.....	6,5	6,3

Breyting á ógreiddu áföllnu orlofi er reiknuð til skuldar og gjalda í ársreikningnum. Ógreitt áfallið orlof nemur kr. 8.604.593 en það endurspeglar þá skuldbindingu sem Staðlaráð Íslands hefur undirgengist vegna ótekens orlofs starfsmanna sinna á reikningskiladegi.

Skýringar

Önnur mál, frh.

10. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) sundurliðast þannig:

	2019	2018
Vaxtatekjur af bankainnistæðum.....	1.054.863	711.043
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum.....	40.410	140.727
Afdreginn óafturkræfur fjármagnstekjuskattur.....	(222.083)	(169.117)
Gengishagnaður, nettó.....	<u>96.739</u>	<u>58.989</u>
	<u>969.929</u>	<u>741.642</u>
Dráttarvextir.....	(6.638)	(1.133)
Tap af sölu hlutabréfa.....	(448.208)	0
	<u>(454.846)</u>	<u>(1.133)</u>
Flutt á rekstrarreikning.....	<u>515.083</u>	<u>740.509</u>

11. Hjálagt eru sundurliðanir með rekstrar- og efnahagsreikningi.

Sundurliðanir

	2019	2018
Sölutekjur		
Sala staðla.....	24.541.904	22.856.325
Námskeið, ráðstefnur og ráðgjöf.....	9.431.000	4.458.000
Aðrar tekjur.....	8.710.143	8.192.363
	<u>42.683.047</u>	<u>35.506.688</u>
Verkefnaframlög		
Framlag á fjárlögum.....	63.000.000	63.000.000
Framlag ANR vegna erlendra staðlasamtaka.....	10.453.743	9.052.636
Framlög til vinnu á fagsviðum.....	22.274.576	11.250.000
Póst- og fjarskiptastofnun vegna ETSI.....	900.000	900.000
	<u>96.628.319</u>	<u>84.202.636</u>
Kostnaður við verkefni		
Aðkeypt sérfræðiþjónusta.....	12.750.942	8.446.475
Kaup á erlendum stöðlum.....	1.363.133	1.097.689
Birgðabreyting ársins.....	(26.181)	39.091
Ritföng, pappír og prentun.....	1.192.854	1.544.886
Fargjöld.....	2.075.527	1.259.181
Dagpeningar erlendis.....	2.489.206	2.047.762
Annar ferðakostnaður erlendis.....	27.984	2.900
Erlend félagsgjöld.....	10.434.494	9.046.244
Innlend félagsgjöld.....	178.500	158.790
Kostnaður vegna funda og námskeiða.....	1.325.024	354.951
	<u>31.811.483</u>	<u>23.997.969</u>
Laun og launatengd gjöld		
Dagvinna.....	62.111.985	59.109.040
Reiknað áfallið orlof, breyting.....	2.139.995	1.063.865
Önnur laun, þ.m.t. stjórnarlausn.....	2.781.048	2.936.973
Tryggingargjald.....	4.772.582	4.736.606
Lífeyrissjóðsgjöld.....	7.658.811	7.341.455
Sjóðsgjöld.....	1.501.187	1.325.720
Tryggingar.....	118.861	134.914
Annar starfsmannakostnaður.....	265.285	434.404
	<u>81.349.754</u>	<u>77.082.977</u>

Sundurliðanir

	2019	2018
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Fagtímarit, bækur og blöð.....	0	8.500
Sími, internettenging og -notkun.....	906.911	770.526
Póstburðargjöld.....	293.826	387.702
Endurskoðun og reikningsskil.....	888.825	836.571
Lögfræðipjónusta / innheimtuþjónusta.....	92.581	192.628
Rekstur tölvukerfis.....	1.317.458	1.773.031
Kaup á hugbúnaði og hugbúnaðarumsjón.....	1.640.255	2.996.076
Rekstrarleiga tölvubúnaðar og ljósritunarvélar.....	779.090	1.387.624
Auglýsingar og styrkir.....	1.001.613	742.675
Kaffistofa starfsfólks.....	409.374	199.130
Risna og gjafir.....	469.590	271.495
	<u>7.799.523</u>	<u>9.565.957</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Húsaleiga.....	13.743.474	13.188.862
Hússjóður.....	1.063.194	1.124.224
Öryggisþjónusta.....	132.136	169.113
Ræsting og hreinlætisvörur.....	1.530.740	1.427.201
Gjaldfærð áhöld og innréttingar.....	1.246.915	800.705
Vátryggingar.....	192.316	191.063
Sorplosun.....	12.474	29.942
Aðkeyptur akstur og annar flutningskostnaður.....	323.463	213.442
Afskrifaðar tapaðar kröfur.....	0	(3.685)
Bankakostnaður, kortagjöld og posaleiga.....	507.217	428.169
	<u>18.751.929</u>	<u>17.569.036</u>
Aðrar skammtímaskuldir		
	31.12 2019	31.12 2018
Ógreiddur virðisaukaskattur.....	80.367	507.050
Ógreitt áfallið orlof.....	8.604.593	6.464.598
Ógreitt tryggingargjald.....	472.859	670.492
Ógreiddur lífeyrissjóður.....	1.148.228	1.651.954
Ógreidd félagsgjöld.....	99.198	82.401
Ógreidd staðgreiðsla skatta.....	1.802.949	2.788.868
Ógreiddur starfsmannasjóður.....	0	7.000
	<u>12.208.194</u>	<u>12.172.363</u>



Íslenskir staðlar